

Ársreikningur

Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH

2016



Efnisyfirlit

Ársreikningur - Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH

	Bls.
Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Rekstrarreikningur árið 2016	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2016	6
Yfirlit um breytingu á hreinni eign árið 2016	7
Skýringar	8 - 10

Stjórn Fagfjárfestasjóðsins ÍSH

Kristján Einarsson, stjórnarformaður
Anna Bjarney Sigurðardóttir
Ólöf Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri

Þórólfur Sigurðsson

Kjörinn endurskoðandi

Baker Tilly Rýni
Rýni endurskoðun ehf.
Gunnar Þór Ásgeirsson

Skýrsla stjórnar

Fagfjárfestastjóðurinn ÍSH er fagfjárfestastjóður í rekstri Rekstrarfélags Virðingar hf.


Ársreikningur sjóðsins er hluti af ársreikningi Rekstrarfélags Virðingar hf. sem inniheldur ársreikning félagsins ásamt ársreikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestastjóða Rekstrarfélags Virðingar hf. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og aðrir sjóðir Rekstrarfélags Virðingar. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglu um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Breyting á hreinni eign sjóðsins nam 72 þúsundum króna á árinu. Hrein eign sjóðsins í lok ársins nam 795 þúsundum króna samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn Fagfjárfestastjóðsins ÍSH og framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Virðingar hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. febrúar 2017

Stjórn:


Anna B. Sigurðardóttir


Framkvæmdastjóri



Aritun óháðs endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Fagfjárfestastjóðsins ÍSH

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fagfjárfestastjóðsins ÍSH fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingu á hreinni eign, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stjóðsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á hreinni eign á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þarber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Fagfjárfestastjóðnum ÍSH í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdarstjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Fagfjárfestastjóðsins ÍSH. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það. Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og þeim við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningssskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 8. febrúar 2017

Baker Tilly Rými

Gunnar Þór Ásgeirsson
lögiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Fjármunatekjur			
Vaxtatekjur og verðbætur		118.194.640	115.730.173
Vaxtagjöld og gangvirðisbreytingar skulda		<u>(114.375.682)</u>	<u>(112.216.505)</u>
Hreinar fjármunatekjur		<u>3.818.958</u>	<u>3.513.668</u>
Rekstrargjöld			
Umsýslubóknun		3.051.728	3.031.500
Annar rekstrarkostnaður		<u>694.978</u>	<u>416.484</u>
Rekstrargjöld		<u>3.746.706</u>	<u>3.447.984</u>
Afkoma ársins færð á hlutdeildarskirteini		<u>72.252</u>	<u>65.684</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	Skýr.	2016	2015
Fjárfestingar:			
Verðbréf með föstum tekjum	3	2.077.157.224	2.066.894.309
Verðbréf		<u>2.077.157.224</u>	<u>2.066.894.309</u>
Aðrar eignir			
Sjóðir og bankainnstæður		1.489.725	3.902.307
Aðrar eignir		<u>1.489.725</u>	<u>3.902.307</u>
Eignir alls		<u>2.078.646.950</u>	<u>2.070.796.616</u>
Skuldir			
Hlutdeildarskírteini	3	794.769	722.517
Hlutdeildarskírteini alls		<u>794.769</u>	<u>722.517</u>
Skuldabréfaútgáfa		2.069.761.268	2.060.704.000
Ýmsar skammtímaskuldir		8.090.913	9.370.099
Aðrar skuldir alls		<u>2.077.852.181</u>	<u>2.070.074.099</u>
Skuldir alls		<u>2.078.646.950</u>	<u>2.070.796.616</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Frá rekstri:			
Afkoma ársins færð á hlutdeildarskírteini		72.252	65.684
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)		(1.279.186)	136.499
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		(1.279.186)	136.499
Handbært fé frá (til) rekstri		(1.206.934)	202.183
Fjárfestingahreyfingar			
Keypt verðbréf umfram seld		(1.974.661)	(971.196)
Fjárfestingarhreyfingar		(1.974.661)	(971.196)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(3.181.595)	(769.013)
Handbært fé í upphafi tímabils		4.671.320	4.671.320
Handbært fé í lok ársins		1.489.725	3.902.307

Skýringar

1. Starfsemi

Fagfjárfestastjóðurinn ÍSH er fagfjárfestastjóður í rekstri Rekstrarfélags Virðingar hf.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Fagfjárfestastjóðsins ÍSH fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða útgefnar af Fjármálaeftirlitinu.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru skráð á markaðsvirði.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til miðað við virka vexti. Meðal fjármagnsliða eru afföll, yfirverð og annar mismunur sem kann að vera á upphaflegu bókfærðu verði fjármálagerninga og fjárhæða á gjalddaga miðað við virka vexti.

Virkir vextir eru ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaða sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætlað samstæðan sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerninga en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

Arður

Arður er færður þegar krafa um hann myndast.

Gengismunur

Gengismunur er óinnleystur hagnaður eða tap af fjárfestingareignum. Matsbreytingar fjárfestingareigna sem og gengismunur erlendra mynta er færður í rekstrarreikningi þegar krafa um hann myndast.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Umsýsluþóknunir

Sjóðurinn greiðir Rekstrarfélagi Virðingar hf. umsýsluþóknun sem ætlað er að standa undir rekstrarkostnaði og umsýslu vegna þeirra. Umsýsluþóknun er tilgreind sérstaklega í reglum sjóðsins.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Skýringar

Skattamál

Verðbréfasjóðir, fjárfestingarsjóðir og fagfjárfestasjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskirteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfunum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskirteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skulu skattleggjast hér á landi.

Verðbréf með föstum tekjum

Skuldabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði hvers tíma. Með virkum og verðmyndandi markaði er vísað í að dagslokagengi skuldabréfs sé ekki byggt á gömlu viðskiptaverði, viðskiptum með óverulegan hlut af heildarútgáfu skuldabréfaflokks eða endurspegli ekki raunvirði skuldabréfs að mati sérfræðinga. Séu horfur á vanefndum útgefanda skuldabréfs er virði þess metið út frá væntum endurheimtum þar sem meðal annars er horft til forgangskrafna.

Skuldabréf útgefanda sem metinn er rekstrarhæfur en er ekki með virka verðmyndun á skipulögðum verðbréfamarkaði er metið á grundvelli ávöxtunarkröfu. Við mat á hæfilegri ávöxtunarkröfu hvers skuldabréfs er horft til almennrar áhættu og aðstæðna á markaði í lok ársins.

Við mat skuldabréfs útgefanda sem ekki er metinn rekstrarhæfur er horfið frá aðferðarfræðinni sem lýst er að ofan og skuldabréfið metið út frá væntum endurheimtum (e. expected recovery value) og það vaxtafryst. Við mat á væntum endurheimtum er horft til reynslu af endurheimtum frá sambærilegum félögum, ársreikninga félags og yfirlýsinga frá félaginu sjálfu. Sé útgefandi kominn í greiðslustöðvun, hafi ekki staðið í skilum eða lýst yfir að ekki verði greitt af skuldabréfi eru væntar endurheimtur metnar 0-1% og skuldabréfið fært í innheimtuferli. Ef nýjar upplýsingar berast frá útgefanda skuldabréfs, sem hefur áður verið niðurfært að fullu, er skuldabréfið endurmetið sem gæti leitt til uppfærslu á verðmati. Vegna mikillar óvissu um mat á skuldabréfum geta endanlegar endurheimtur verið verulega frábrugðnar mati í lok tímabilsins.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru metnar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til lækkunar langtímaskulda í ársreikningi og er innleystur í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Fjárskuldir eru metnar á gangvirði eða nafnvirði eftir því sem við á. Innleystur og óinnleystur hagnaður og tap af þessum eignum er færður í rekstrarreikning undir liðinn vaxtagjöld og gangvirðisbreytingar skulda.

Gangvirði fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra.

Skýringar

3. Hlutdeildarskírteini

Nafnávöxtun sjóðsdeilda Rekstrarfélags Virðingar hf.:	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH	2,50%	5,00%	10,00%

Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina:	Bókfært verð 31.12.2016	Bókfært verð 31.12.2015
---	-----------------------------------	-----------------------------------

Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH	794.769	722.517
---------------------------------	---------	---------

Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna einstakra sjóðsdeilda og fjárfestingarstefnu:

Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH	100,00%
---------------------------------	---------

Sundurliðun fjárfestinga sjóðsins:

Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH

Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl	2.077.157.224
--	---------------

Hlutfall	100,00%
----------------	---------

Hlutfall skammtímalána

Skammtímalán sem hlutfall eigna sjóðsins greinist þannig

Heildareignir	2.078.646.950
---------------------	---------------

Ýmsar skammtímaskuldir	8.090.913
------------------------------	-----------

Hlutfall	0,39%
----------------	-------